

Til atvinnuveganefndar Alþingis

Umsögn SFH um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð

lagt fram á 151.löggjafarþingi 2020-21

05.12.2020

Tækniþróunarsjóður gegnir lykilhlutverki í stuðningsumhverfi nýsköpunar hérlendis, og er raun sú grein ríkissjóðs sem styðja skal tækniþróun í landinu. Lagagrunnur hans er því forsenda þess að við getum nýtt okkar auðlindir og mannafla; staðið jafnfætis öðrum þróuðum þjóðum í lífskjörum; byggt grunn undir framleiðsluþæð sem atvinnugrein og nýtt íslenskt hugvit til að ná markaðsforskoti á heimsvísu í einstökum greinum.

Varasöm samþjöppun valds. Fjárveitingar til tækniþróunar hérlendis hafa hingað til verið langtum minni en hjá öðrum þróuðum ríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum bætt örlítið úr og veitt auknu fé í þennan mikilvæga málaflokk, en stendur þó illa í alþjóðlegum samanburði. Nánast allt þetta fé til tækniþróunar hefur runnið í Tækniþróunarsjóð. Slíkt einstreymi er þó varasamt, og væri á ýmsan hátt rökréttara að deila því í meira mæli á einstakar greinar tækniþróunar; jafnt til að hindra óeðlilega valdþjöppun; sporna gegn fordómum og mæta ólíkum þörfum. Hugvitsmenn hafa mikla reynslu af samskiptum við samkeppnissjóði og annað „stuðningskerfi nýsköpunar“, en þeirri reynslu er jafnan haldið utan við alla stjórnun og ákvarðanatöku viðvirkjandi þessum stuðningsúrræðum.

Umbylting stuðningsumhverfis nýsköpunar. Hér eru sett sérlög um Tækniþróunarsjóð (TPS) en hann hefur til þessa verið hluti af heildarlögum nr 75/2007 um opinberan stuðning við tækniþróun, nýsköpun og atvinnuþróun. Slík sérgreining er í sjálfu sér ekki óeðlileg, og er jafnvel til þess fallin að auðvelda stjórnun og einfalda síðari breytingar. Eftir sem áður er það á ábyrgð Alþingis að sjá til þess að samræmis sé gætt í allri lagasetningu er nýsköpun varðar.

Aðrar breytingar sem verða með niðurfellingu laga 75/2007 munu hafa mun verri áhrif og alvarlegri, en það er niðurlagning opinberrar ráðgjafastofnunar í þágu nýsköpunar; þ.e. þess hlutverks sem Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur verið ætlað að sinna, og undirbúa það undir einkavæðingu. Ekki er að sjá að neinar haldbærar lausnir séu boðaðar í þess stað. SFH gera á öðrum stað athugasemdir í þeim efnum.

Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi greinar þessa frumvarps um Tækniþróunarsjóðs:

- Augljósir hagsmunaaðrekkstrar.** Í 1. grein er fjallað um hlutverk sjóðsins. Þó ýmislegt mætti þar finna að orðalagi er einkanlega eitt atriði sem er algerlega óviðunandi og samræmist alls ekki vandaðri stjórnáslu. Í staflíð b segir að það verði m.a. hlutverk Tækniþróunarsjóðs að „styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar“. Þetta tvennt fer alls ekki saman. TPS er samkeppnissjóður og hlýtur sem slíkur að þurfa að vera óháður og hlutlaus matsaðili umsókna í sjóðinn. Ef TPS á sjálfur aðild að verkefni sem sækir um stuðning í samkeppni við verkefni annarra, er TPS ekki lengur óvilhallur matsaðili heldur beinn hagsmunaaðili. Má ætla að það ógildi allar matsniðurstöður umsókna. Sama gildir þó verkefni með eignaraðild TPS sækir ekki um stuðning í samkeppni við aðra; einungis sú staðreynd að TPS á í samkeppni við aðra umsækjendur um framgang verkefna ógildir allar matsniðurstöður TPS.

Vanhæfi af þessu tagi hefur komið upp varðandi Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem hafði sömu heimildir, og af því hafa félagsmenn SFH bitra reynslu. Vanhæfi af þessu tagi má aldrei vera hluti af lagasetningu Alþingis. Eignaraðild að fyrirtækjum á ekki að vera hlutverk TPS; til þess eru aðrir aðilar heppilegri.

- 2. Ófullnægjandi rammi um stuðning við byrjendaverkefni.** Í 1.gr d-lið er að finna örlitla vísbendingu um að TPS muni ætlað að styrkja verkefni hugvitsmanna og frumkvöðla, þrátt fyrir að allt yfirbragð laganna virðist sniðið að þörfum stofnana, háskóla og stórfyrirækja. Í ljósi reynslunnar er full þörf á því að um þetta hlutverk; stuðning við frumkvöðlaverkefni á byrjunarstigi, verði mótaður sérstakur sjóður með sérstaka fjárveitingu og sérstaka stjórnun sem mótuð er í samráði við hugvitsfólk; hvort sem það apparat starfar innan TPS eða ekki. Það hefur gefist mjög illa fyrir lítil verkefni hugvitsmanna og frumkvöðla að þurfa að keppa við stór verkefni sem drifin eru áfram af stórum stofnunum; háskólum og fyrirtækjum í rekstri. Með því móti hafa fjöldamörg verkefni verið kæfð í fæðingu, sem ella hefðu getað orðið atvinnu- og verðmætaskapandi fyrir íslenskt þjóðfélag. Hér þarf virkan aðskilnað sjóða, og best er að hann sé tryggður í lögum.
- 3. Hagsmunasamtök hugvitsfólks sniðgengin.** Í 3.gr er fjallað um stjórn TPS. Þar er greinilega ætlunin að viðhalda þeirri einokun útvaldra stórra hagsmunaaðila sem verið hefur og halda frumkvöðlum og hugvitsfólki frá allri umfjöllun og ákvarðanatöku um helstu hagsmunamál sín. Hugvitsfólk og frumkvöðlar hafa með sér tvenn landssamtök sem starfa á lýðræðislegum grunni; Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og KVENN. Þessi félög hafa lengi unnið að hagsmunamálum hugvitsfólks, sem m.a. TPS á að þjóna. Félögin hafa ítrekað bent stjórnvöldum á ýmsa vankanta í lagasetningu og framkvæmd í stjórnkerfi nýsköpunar sem hindra framgang nýsköpunarverkefna. Lítið sem ekkert hefur verið hlustað á þessar ábendingar félaganna, sem þó eiga uppruna hjá þolendum og hugvitsfólki. Félögunum hefur markvisst verið haldið frá allri aðild að stjórnnum, nefndum og ráðum sem stjórnvöld skipa í til að stýra málefnum stuðningsumhverfisins. Einkum hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gengið hart fram gegn hugvitsfólki og frumkvöðlum í þessu efni og markvisst gengið fram með fordómum. Má þar margt til nefna; t.d. skipun í stýrihóp til mótunar nýlegrar nýsköpunarstefnu. Jafnframt hefur ráðherra lagst gegn öllum fjárveitingum af opinberu fé til þessara félaga, og þannig reynt að eyðileggja starfsemi þeirra. Hér leggur ráðherra enn einu sinni til að félög hugvitsfólks verði útilokuð frá stjórnun stofnunar sem gegnir veigamiklu hlutverki í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Hugvitsfólki er ekki ætlaður einn einasti fulltrúi í sex manna stjórn TPS. Hinsvegar er Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins ætlaður sinn fulltrúinn hvor. Slík ráðstöfun er algerlega fráleit. Bæði þessi félög eru fyrst og fremst hagsmunasamtök fyrirtækja í fullum rekstri. Þau hafa því ekki augljósa hagsmuni af því að héraendis sé stutt við verkefni sem eiga uppruna hjá einstaklingum; utan fyrirtækja. Hinsvegar hafa þau augljósa hagsmuni af því að stutt sé við verkefni sem eiga uppruna í fyrirtækjum innan þeirra raða, eða geta aukið hagnað þeirra aðildarféлага. Þessir hagsmunaaðilar; SA og SI hafa haft einokunaraðstöðu varðandi alla stjórnun nýsköpunarumhverfisins í allmarga áratugi. Afleiðingin blasir hvarvetna við: Verkefnum hugvitsfólks er markvisst haldið niðri; þau eiga þess engan kost að þroskast og koma þjóðinni að því gagni sem orðið gæti með óspilltri stjórnun. SFH vænta þess að Alþingi breyti þessum fyrirætlunum ráðherra og skapi SFH og KVENN réttmætan sess í stjórnun málefna á sínu sviði; þjóðinni til heilla.

4. **Einnig sniðganga í VT-ráði og fagráðum.** 4.gr fjallar um fagráð, en ætlast er til að Vísinda- og tækniráð skipi í þau. Um þetta gilda sömu athugasemdir og um stjórn. Lýðræðislegum félögum hugvitsfólks og frumkvöðla hefur markvisst verið haldið utan VT-ráðs og meinað um fulltrúa þar. Þeir sem þar sitja hafa stundað grimma hagsmunagæslu í þágu sinna umbjóðenda og því hefur félögunum aldrei verið skipaður fulltrúi í fagráðum; hvorki hjá TPS né nokrum öðrum þeim sjóði sem ber að styrkja nýsköpun. Þetta verklag, líkt og margt fleira í lagaumhverfi stuðningsumhverfis nýsköpunar, ber keim af spillingu í umgengni um opinbert fé. Væri full ástæða til að um þetta væri fjallað af alþjóðlegum eftirlitsaðilum, s.s. Greco. Nauðsynlegt er að SFH og KVENN fái án tafar aðild að Vísinda- og tækniráði. Er því beint til Alþingis að gera án frekari tafa nauðsynlegar lagabreytingar í þeim efnunum.
5. **Úthlutunarreglur mótaðar án samráðs við þolendur.** 5.gr. fjallar um úthlutunarstefnu TPS. Hún „skal fylgja áherslum Vísinda- og tækniráðs“. Þar sem hugvitsfólki er meinað um aðild að VT-ráði; fagráðum og stjórn TPS, er augljóst að úthlutunarreglur TPS munu ekki taka mið af þörfum og reynslu almennra frumkvöðla og verkefna þeirra.
6. **Þarf ekki að huga að stjórnarskrá?** Margt mætti segja um greinargerðina sem frumvarpinu fylgir, en öll er hún rituð til að fegra frumvarpsmiðina. Ástæða er til að gera athugasemdir við tölulið 6; þar sem segir að ekki hafi þótt ástæða til að skoða samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar. Fráleitt er að halda því fram að lög þurfi ekki að skoða með tilliti til þessara þátta. Eins og bent hefur verið á hér að framan er ærin ástæða til að ætla að ákvæði frumvarpsins brjóti í bága við stjórnarskrá, að því er lýtur að jafnræði. Hér er tryggður réttur stórra aðila en ekki hinna smærri.
7. **Úr tengslum við faglegt umhverfi.** Það er fullkomlega rangt sem haldið er fram í greinargerðinni, varðandi 3.gr frumvarpsins, að uppbygging stjórnar sé þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglega umhverfi sitt. Þau tengsl eru ekki fyrir hendi meðan einu hagsmunasamtökum hugvitsfólks er haldið utan stjórnar og fagráða.

SFH vænta þess að frumvarp þetta verði ekki að lögum fyrr en þeir ágallar hafa verið lagfærðit sem hér hafa verið nefndir.

Valdimar Össurason

f.h.stjórnar Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna